

Ed.

388. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík, nr. 15, 22. okt. 1912.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. hv. Nd. á þingskjali 236 og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 5. gr. Í stað: »3 ár samfleytt« komi: 5 ár samfleytt.
2. — 7. — a. Orðin »að jafnaði« falli niður.
b. Fyrir »10—12« komi: 12.

Vjer teljum starfstíma ljósmæðra að loknu prófi eigi mega vera skemmri en 5 ár, jafnmiklu og kostað er til náms þeirra, enda tíð skifti óheppileg.

Vjer erum hrædd um, að verða kynnu margar undantekningar frá reglunni, fengju orðin »að jafnaði« að standa, og leggjum því til, að þau sjeu feld niður, en gerum hámarkstölu nemenda fortakslausu og teljum, að 12 námskonur muni lengi nægja.

Þá munum vjer beitast fyrir það, að tekin verði upp í fjárlögin athugasemd um það, að hver kvenkennari við skólann hafi 300 kr. árslaun og greiða megi nemendum dýrtíðaruppbót á námsstyrkinn eftir sömu reglum og gilda um starfsmenn ríkisins.

Loks viljum vjer vekja athygli hv. deildar á því, að tilætlun nefndarinnar er, að núverandi landlæknir, þrátt fyrir ákvæðin í 3. gr., haldi þeim sjerstöku launum, sem honum eru ætluð fyrir forstöðu skólans.

Nánara i framsögu.

Alþingi, 14. apríl 1924.

Ingibjörg H. Bjarnason,
form. og frsm.

Sig. Eggerz.

Jónas Jónsson,
fundaskrifari.